



Borgarráð

***Umsögn vegna tímabundinna áfengisveitingaleyfa vegna Superbowl 2020, Ræktin, Laugavegur 74.***

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13. janúar 2020 um tímabundið leyfi til veitinga áfengis frá kl 23:30 þann 2. febrúar 2020 til kl. 05:00, aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar 2020. Umsóknin er vegna gististaðarins Ræktin, Laugavegi 74 í tilefni beinnar sjónvarpsútsendingar á úrslitaleik Superbowl 2020 í Bandaríkjunum.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 17. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftár en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Í gildi er einungis bráðabirgðaleyfi til 11, mars vegna gististaðar í flokki IV að Laugavegi 74 á meðan umsókn um endanlegt rekstrarleyfi er til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01:00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Gististaðurinn að Laugavegi er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda almennar miðborgarheimildir og má heimila veitingatíma áfengis til 03:00, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 05.00 aðfaranótt mánudags.

Í ljósi þess að atburðurinn fer fram á stað þar sem ekki hefur enn verið gefið út gilt rekstrarleyfi er farið með umsóknina samkvæmt ákvæðum um tímabundið áfengisleyfi enda verða slík leyfi eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftár en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Sá viðburður sem hér er um ræður getur fallið að þeirri heimild, með þeim skýra fyrirvara að ekki verður unnt að veita heimild fyrir lengri veitingatíma en ákvæði Aðalskipulags Reykjavíkur heimila á svæði þar sem gilda almennar miðborgarheimildir þ.e. til kl. 03:00.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita neikvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi með vísan til 17. gr. l. nr. 85/2007, til kl. 05.00 til Ræktin aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar 2020 en jákvæða umsögn með vísan til ofangreinds til kl. 03:00. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð þeim skilyrðum því að allar aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

